



Birtufólk í Haukadal í september 2019. Með þeim á myndinni er Trausti Jóhannsson skógarvörður á Suðurlandi. Hann var verkstjóri í gróðursetningarvinnunni og leiðbeinandi í umhverfisfræðslu á vettvangi. Sjá frétt á baksíðu.

Lágir vextir og gæðapjónusta

Útlit er fyrir að Birta lífeyrissjóður samþykki hátt í þúsund umsóknir um sjóðfélagalán á árinu 2019, mun fleiri en nokkru sinni fyrr. Sjóðfélagalánum hefur fjölgað gríðarlega, enda eru vextir lána Birtu með því lægsta sem þekktist á markaðnum og þjónustan með því besta sem þekktist þegar saman fer nýtt rafrænt afgreiðslukerfi og liðsinni þrautreyndra starfsmanna.

Ánægja sjóðfélaga með þjónustu Birtu kemur fram í niðurstöðu þjónustustands í móttöku sjóðsins þar sem sjóðfélagar geta komið álitinu sínu á framfæri á leiðinni út. Í september mátu 132 af alls 136 gestum þjónustuna mjög góða og 4 góða. „Þetta er framúrskarandi árangur hjá fram-línunni okkar!“ segir Hanna Þ. Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs.

Birta hefur á þremur árum lánað sjóðfélögum sínum alls um 33 milljarða króna til kaupa eða nýbygginga íbúða og til endurfjármögnunar óhagstæðari lána. Það sem af er ári hafa verið greidd út 790 húsnæðislán en til samanburðar má geta þess að greidd voru út 711 lán allt árið 2018 og 516 lán allt árið 2017. Í október 2019 hafði Birta lánað alls 15,7 milljarða króna til sjóðfélaga sinna en lánaði 14 milljarða króna allt árið 2018. Meðalfjárhæð lána á árinu 2019 er svipuð og 2018 eða um 20 milljónir króna.

Flestir lántakendur eru á aldrinum 35 til 55 ára en eru annars á öllum æviskeiðum, margir á aldrinum 20 til 35 ára og þeir elstu í hópi eldri borgara, sá elsti á þessu ári er um nírett.

Óverðtryggð lán eru efst á óskalista umsækjenda og þeim hefur fjölgað mikið hjá Birtu. Þannig námu óverðtryggð lán 24% af samþykktum lánsúmsóknum árið 2017 og hlutfallið er komið í 47% það sem af er ári 2019! Á sama tíma hefur spurn eftir verðtryggðum lánum með föstum vöxtum minnkað hratt.

Upplýsingar um vexti og lánakjör eru aðgengilegar á vefnum birta.is

Síðasta pappírskyfirlitið

Meðfylgjandi sjóðfélagayfirlit er hið síðasta sem Birta sendir í pósti útprentað á pappír. Hér eftir verða yfirlitin birt á eigin svæðum sjóðfélaga á vefnum island.is.

Birta sparar sér verulegan rekstrarkostnað með því að hætta að borga fyrir pappír og pósthjónustu til að koma upplýsingum um iðgjaldagreiðslur á framfæri við sjóðfélagana.

Fleiri lífeyrissjóðir hafa ákveðið að fara þessa sömu leið.

Birta fær jafnlaunavottun, fyrst lífeyrissjóða

Birta lífeyrissjóður hefur fengið löggilta vottun á jafnlaunakerfi sitt og þar með staðfestingu á að kerfið uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012 sem vísað er til í lögum um jafnlaunavottun frá júní 2017. Birta er fyrsti lífeyrissjóðurinn til að öðlast jafnlaunavottun að því er fram kemur á vef Jafnréttisstofu, jafnretti.is.

Stjórn og stjórnendur Birtu hefðu samkvæmt reglugerð getað dregið það til ársins 2022 að fá vottunina staðfesta en ákváðu að hringja verkefninu í framkvæmd strax og fengu faggilta vottunarstofu, iCert ehf., til úttekta og vottunar á kerfinu. Guðmundur Sigbergsson, gæða- og framkvæmdastjóri iCert vottunarstofu, kom færandi hendi í hús Birtu með innrammað skjal til staðfestingar merkum áfanga.

„Úttektarteymið okkar staðfestir með ánægju að viðhorf Birtu lífeyrissjóðs til jafnlaunakerfis og markmiða þess eru til fyrirmyndar. Fyrir liggur að Birta þurfti ekki að ljúka við að innleiða jafnlaunakerfi og fá það vottað fyrir en í lok árs 2022. Lífeyrissjóðurinn sýnir hins vegar mikinn metnað með því að hefjast strax handa við að stuðla að, koma á og viðhalda launajafnrétti í rekstri sínum. Þessi áfangi Birtu er stór og mikilvægur. Mælingar sem fyrirhugaðar eru hér eftir í starfsemi lífeyrissjóðsins eru til þess fallnar að koma þar á skilvirkri stjórnun jafnlaunamála.“ segir Guðmundur.



Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri ásamt Hönnu Þórunni Skúladóttur, forstöðumanni skrifstofu- og rekstrarsviðs, og Guðmundur Sigbergsson gæða- og framkvæmdastjóri iCert.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að jafnlaunavottunin sé í raun vottun á stjórnunarkerfi til að meta verðmæti starfa samkvæmt viðurkenndu verklagi og tryggja að greitt sé fyrir vinnuframlag í samræmi við jafnlaunastaðal.

„Kerfinu er ekkert síður ætlað að koma skipulagi á launastýringu í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85. Við lítum á vottunina nú sem ákveðið upphaf en ekki endastöð. Þetta er þriggja ára þróunarferli verklags en ekki „stimpill“ eða yfirlýsing um að allt sé komið í lag og verði áfram. Jafnlaunavottun er mikilvæg samfélagsyfirlýsing og um hana gildir í raun hið sama og um markmið Birtu varðandi kolefnisjafnaða og umhverfisvæna starfsemi sjóðsins“.

Séreignarsparnaður hjá Birtu er rakið dæmi

Við höfum sagt áður og segjum enn: Mun fleiri ættu að leggja fyrir í séreignarsparnað en raun ber vitni! Raunar er stórmerkilegt, og nánast rannsóknarefni, að ekki skuli fleiri nýta sér þessa leið til að safna fyrir útborgun í íbúð eða greiða inn á húsnæðislán.

Þetta er enn athyglisverðara þegar haft er í huga að atvinnurekendur er gert að greiða 2% mótframlag þegar launamenn láta 2% eða 4% af launum sínum renna í séreign. Þeir sem ekki nýta sér þessa sparnaðarleið neita sér því um kauphækkun sem nemur mótframlaginu. Hver hefur efni á að hirða ekki kjarabætur sem bíða eftir að þeirra sé vitjað?

Séreignarsparnaður er mörgum kostur prýddur og um hann er fjallað frá ýmsum hliðum á vefnum birta.is. Þjónustufulltrúar Birtu lífeyrissjóðs svara sömuleiðis með ánægju spurningum um sparnaðarleiðir og ávöxtun.

Á vef sjóðsins má til að mynda sjá að raunávöxtun blandaðrar sparnaðarleiðar hlutabréfa og skuldabréfa Birtu í séreign nam 11,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2019. Sú staðreynd segir ákveðna sögu en minnt skal á að ávöxtun í fortíð þarf ekki endilega að vera ávöxtun á ávöxtun í framtíð.

Hefur þú farið inn á sjóðfélagavef Birtu á vefnum birta.is?

Á sjóðfélagavef Birtu er að finna allar upplýsingar um réttindi þín.

Þar er hægt að nálgast réttindi í öðrum sjóðum með því að fara inn á Lífeyrisgáttina.

IcelandSIF með byr í seglum

Samtökin IcelandSIF fara vel af stað og hafa skapað óháðan og áhugaverðan vettvang til að auka þekkingu og umræðu fjárfesta og annarra um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Sjá nánar vefinn icelandsif.is.

Stofnendur samtakanna síðla árs 2017 voru fjármála-fyrirtæki af ýmsum toga, lífeyrissjóðir og tryggingafélög. Birta var meðal stofnenda og í stjórn samtakanna situr lögfræðingur sjóðsins og staðgengill framkvæmdastjóra, Kristján Geir Pétursson:

„Samtökin fengu fljúgandi start við stofnun með víðtækum stuðningi og velvild fyrirtækja og starfsfólks í okkar geira. Starfsemin er annars vegar í vinnuhópum og hins vegar með vel sóttum fræðslufundum og fyrirlesturum.



Meistaraprófsnemar í viðskiptasiðfræði í Háskóla Íslands kynntu á dögunum nokkur samstarfsverkefni sín og IcelandSIF um ábyrgar fjárfestingar.

Okkur gengur vel að fá erlenda fyrirlesara til að koma hingað til lands og alþjóðlegt samstarf eykur slagkraft og stækkar sjónvildarhringinn. Samstarf við norræn systursamtök er náð og framundan ársfundur í nafni NordicSIF þar sem við berum saman bækur okkar. Starfsemin er tvímælalaust árangursrík og til góðs í íslensku fjármálalífi.

Ég nefni líka að fljótlega á næsta ári verður fundur um eigendastefnu stofnanafjárfesta með íslenskum og erlendum fyrirlesurum. Sú umræða er sérlega áhugaverð fyrir lífeyrissjóði í ljósi þess að þeir hafa í vaxandi mæli gerst virkir eigendur í félögum í stað óvirkar eignaraðildar áður.“



Frá fundi IcelandSIF um siðferðilegar fjárfestingar á Grand hóteli í apríl 2018.

Eignaniðurfærslan í Gamma: Novus

„Vissulega tapast fjármunir en verst er að standa frammi fyrir því að hluthafar í Gamma: Novus hafi fengið í hendur endurskoðaðan ársreikning fyrir 2018 frá einu af stóru endurskoðunarfyrirtækjunum og eignamat sem endurskoðendurnir staðfestu. Svo líða fáeinir mánuðir og þá eru skráð milljarðaverðmæti færð fyrirvaralaust niður í nánast ekki neitt! Hvernig má það vera að ársreikningurinn hafi verið staðfestur án nokkurra athugasemda?“

Ólafur Sigurðsson, framkvæmastjóri Birtu, fjallaði um ótrúlega atburðarás í fasteignafélaginu Gamma: Novus á fulltrúaráðsfundi sjóðsins í október. Eigið fé félagsins var metið á 4,4 milljarða króna í byrjun árs 2019 en þremur ársfjórðungum síðar var það fært niður í 42 milljónir króna. Birta fjárfesti í Gamma: Novus fyrir 200 milljónir króna árið 2013 og fékk greiddar 68 milljónir króna í arð af fjárfestingunni í desember 2017. Nettófjárfestingin er því upp á 132 milljónir króna.

Í ágústlok 2019 var eign Birtu í Gamma: Novus metin á 310 milljónir króna en er sem sagt að engu orðin. Niðurfærslan svarar til 0,01% af eignum Birtu og rýrir ávöxtun eigna um 0,08% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019.

Hluthafar í Gamma: Novus fólu endurskoðunarfyrirtækinu Grant Thornton að kanna rækilega rekstur Gamma: Novus frá 2015 til 2019 til að fá á hreint hvað þarna gerðist.

Eignir og skuldbindingar vega salt

Iðgjaldagreiðslur til Birtu lífeyrissjóðs námu tæplega 9,4 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2019 en námu tæplega 8,2 milljörðum króna á sama tímabili 2018. Aukningin er þannig veruleg og á rætur að rekja til hækkandi launa á vinnumarkaði og góðs atvinnuástands í landinu.

Eignir sjóðsins aukast sem þessu nemur og í lok júní 2019 stóðu þær að miklu leyti undir heildarskuldbindingum hans. Einungis vantaði 0,7% upp á að eignir og heildarskuldbindingar vægju salt og ætla má að hlutfallsleg eignastaða muni batna enn frekar á síðari helmingi ársins.

Ábyrgar fjárfestingar eru leiðarljós

Birta lífeyrissjóður er aðili að leiðbeinandi reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og tilheyrandi markmiðum sem reist eru á vistfræðilegum, félagslegum og efnahagslegum meginstoðum.

Atvinnustarfsemi sem nýtir náttúrulegar auðlindir á sjálfbærnan hátt í sátt við samfélagið er í anda sjálfbærrar þróunar en starfsemi sem gengur á náttúruna með óhóflegri arðsemi og ólöglegu vinnuafli er ekki heillavænleg.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, fjallaði um málið á fulltrúaráðsfundi sjóðsins á dögnum og benti meðal annars á að tækni Marels miðaði að því að auka og bæta matvælaframleiðslu og félli þar með vel að því markmiði Sameinuðu þjóða að útrýma hungri. Á sama hátt féllu tækni og vörur Össurar vel að markmiði um heilsu og vellíðan.

„Dæmin um Marel og Össur eru augljós og óumdeild en önnur geta verið flóknari og umdeildari. Þau er samt spennandi líka og nauðsynleg að ræða og vega á metaskálum. Nefnum til dæmis undirstöðuatvinnugreinina okkar, sjávarútveginn. Stöðugt er deilt í þjóðfélaginu um aflamarkskerfið, frjálst framsal veiðiheimilda og upphæð veiðileyfagjalds. Á sama tíma blasir við að sjávarútvegurinn er vel rekinn og skilvirkur, nýtir endurnýjanlegar auðlindir á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og hefur náð eftirtektarverðum árangri í loftlagsmálum.

Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir umhverfisráðuneytið að sjávarútvegsfyrirtækin hafi minnkað losun gróðurhúsalofttegunda um 43% frá 1990 til 2014.



Atvinnugreinin hefur þannig náð nú þegar markmiðum Parísarsamkomulagsins um að útstreymi gróðurhúsalofttegunda verði að minnsta kosti 40% minna 2030 en var 1990.

Sjávarútvegurinn skorar hátt gagnvart markmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Það gera vatnsaflsvirkjanir væntanlega líka eða hvað? Hvernig ættum við þá að meta fjárfestingu í virkjun þar sem farið er í einu og öllu eftir gildandi lögum og reglum en andstæðingar virkjunar leggja hart að lífeyrissjóðum að hafna verkefninu og stöðva framgang þess? Virkjuninni er samt ætlað að framleiða hreina og græna orku, stuðla að sjálfbærum hagvexti og traustum innviðum samfélagsins, nýsköpun og iðnþróun.“

Birtuskógur stækkar

Starfsfólk Birtu lífeyrissjóðs og makar þeirra gróðursettu í haust 1.800 stafafuruplöntur á Haukadalsheiði og juku við væntanlegan Birtuskóg sem því nemur. Afar vel viðraði til útiveru og útiverka. Svæðið er aðlaðandi og mögnuð fjallasýn.

Alls er gert ráð fyrir að gróðursetja þarna 7.500 plöntur á þremur árum í samræmi við samning við Skógræktina frá því í fyrra. Fyrstu plöntur voru settar niður haustið 2018.

Verkefnið er „grænt skref“ í starfsemi Birtu. Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi sjóðsins. Kolefnisbinding og kolefnisforði í trjám, botngróðri og jarðvegi á Haukadalsheiði verður eign Birtu til ársins 2068.

